

**Mál nr. 111/2011****Frávísun****M****og****Vátryggingfélagið X v/fasteignatryggingar v/vatnstjóns****Vatnstjón 20.10. 2010, ágreiningur um uppgjör.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2011, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um greiðsluskyldu vátryggingafélagsins sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið gerir þá kröfu að máli þessu verði vísað frá skv. 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar. Félagið vísar til þess að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu en fyrir liggur að bætur hafi verið boðnar ásamt ítrekuðum boðum um framkvæmd verði fullnaðarviðgerð.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

**Álit**

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum úrskurðar nefndin um ágreining um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Vátryggingafélagið hefur gert kröfu um frávísun málsins skv. ofanrituðu.

Með hliðsjón af ofanrituðu er máli þessu vísað frá.

**Niðurstaða.**

Frávísun.

Reykjavík 19. apríl 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.